

Fundargerð XXVII. landsþings

Sambands íslenskra sveitarfélaga

Árið 2013 var landsþing íslenskra sveitarfélaga haldið þann 15. mars á Grand Hotel Reykjavík. Landsþingið hófst kl. 9:30.

1. Þingsetning

Halldór Halldórsson formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga setti þingið og bauð þingfulltrúa velkomna til þings. Ræða formannsins er birt á upplýsinga- og samskiptavef sambandsins og er hér vísað til ræðunnar og efni hennar.

2. Kosningar

- Kosning tveggja þingforseta. Kosin voru: Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir borgarfulltrúi, Reykjavík og Arnór Benónýsson varaoddviti, Eyjafjarðarsveit.
- Kosning tveggja þingritara. Kosin voru: Inga Sigrún Atladóttir bæjarfulltrúi í Sveitarfélaginu Vogum og Arnar Árnason oddviti, Eyjafjarðarsveit.
- Kosning þriggja manna kjörbréfanefndar. Kosin voru: Björk Vilhelmsdóttir borgarfulltrúi, Reykjavík, Dagbjört Bjarnadóttir oddviti, Skútustaðahreppi og Ari Björn Thorarensen, forseti bæjarstjórnar, Sveitarfélaginu Árborg.
- Tillögur um varamenn í stjórn sambandsins:

Guðmundur Rúnar Árnason, fyrrverandi bæjarfulltrúi í Hafnarfjarðarkaupstað hefur misst kjörgengi sitt sem varamaður í stjórn sambandsins, þar sem hann hefur fengið lausn frá setu í bæjarstjórn. Í hans stað var gerð tillaga um Gunnar Axel Axelsson bæjarfulltrúa í Hafnarfjarðarkaupstað. Tillagan var samþykkt með lófataki.

Bjarni Harðarson, fyrrverandi varabæjarfulltrúi í Sveitarfélaginu Árborg hefur misst kjörgengi sitt sem varamaður í stjórn sambandsins, þar sem hann hefur fengið lausn frá því að sitja sem varamaður í bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar. Í hans stað var gerð tillaga um Ingu Sigrúnu Atladóttur bæjarfulltrúa í Sveitarfélaginu Vogum. Tillagan var samþykkt með lófataki.

3. Ávarp innanríkisráðherra

Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra fjallaði í ávarpi sínu um lýðræði í sveitarstjórnarlögum, persónukjör, rafræna stjórnsýslu, almenningssamgöngur og löggæslumál.

4. Hvað er í deigluinni?

Claus Ørum Mogensen, skrifstofustjóri fjármáladeildar KL í Danmörku fjallaði um það sem er efst á baugi hjá dönskum sveitarfélögum. Breytingar hafa verið gerðar á kjarasamningi kennara og frelsi sveitarfélaga aukið. Markmiðið er að bæta árangur nemenda og nýta starfsfólk og sérhæfingu þeirra betur.

Aldís Hafsteinsdóttir bæjarstjóri í Hveragerði og stjórnarmaður í sambandi sveitarfélaga fjallaði um stöðuna í fræðslumálum í íslenskum sveitarfélögum o.fl.

Hádegishlé 12:00-13:00.

5. Álit kjörbréfanefndar

Þingforseti gerði grein fyrir að kjörbréfanefnd hefði lokið störfum. Álit nefndarinnar er eftirfarandi:

Kjörbréfanefnd hefur yfirfarið þau kjörbréf sem borist hafa vegna breytinga sem hafa orðið á aðal- og varamönnum sveitarfélaganna frá síðasta landsþingi í mars 2012. Ný og breytt kjörbréf bárust frá 15 sveitarfélögum og eru þau öll gild

Mættir eru fulltrúar frá 71 sveitarfélagi, 130 talsins. Þá voru mættir 4 stjórnarmenn í sambandinu með málfrelsi og tillögurétt og aðrir fulltrúar með málfrelsi og tillögurétt, samtals 51.

Alls eru því mættir til landsþingsins 185. Að auki sitja þingið 7 gestir og 23 starfsmenn sambandsins.

Seturétt á landsþinginu eiga 150 fulltrúar frá 74 sveitarfélögum með atkvæðisrétt. Enginn fulltrúi er frá 3 sveitarfélögum.

6. Svæðasamvinna sveitarfélaga – Þriðja stjórnsýslustigið?

Dagur B. Eggertsson, formaður nefndar um svæðasamvinnu, gerði grein fyrir starfi nefndarinnar.

Eftir erindi Dags B. fóru fram almennar umræður á borðum um efni fyrirlestrarins.

7. Lærdómur í lok kjörtímabils – leiðarljós á nýju kjörtímabili

Karl Björnsson, framkvæmdastjóri sambandsins, fór yfir það sem hefur áunnist á kjörtímabilinu. Kom fram í máli Karls að sennilega hafi verið haldnir um 12000 fundir á kjörtímabilinu á vegum sambandsins eða sem starfsmenn þess hafa tekið þátt í.

Halla Björk Reynisdóttir, formaður bæjarráðs Akureyrar, flutti erindi um reynslu nýs sveitarstjórnarmanns.

Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir, bæjarstjóri Hafnarfjarðarkaupstaðar, flutti erindi sem „gamalreyndur“ bæjarstjórnarmaður.

Umræður á borðum um viðfangsefnin.

8. Samantekt og almennar umræður

Þingforseti, Þorbjörg Helga tók stöðuna á nokkrum borðum. Þingfulltrúar tjáðu sig um viðfangsefni dagsins.

Almennar umræður, engin kvaddi sér hljóðs.

9. Landsþingsslit

Guðríður Arnardóttir, varaformaður sambandsins, sleit þinginu með stuttri ræðu.

Landsþinginu slitið kl. 15:55.

Arnar Árnason

Inga Sigrún Atladóttir